

# Próunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2020-2021\*

## Allir vegir skólafærir- 210349

Ábyrgðarskóli verkefnis: Hofstaðaskóli

Þátttakendur: Bryndís Stefánsdóttir og Elín Margrét Kristinsdóttir

Verkefnisstjóri: Bryndís Stefánsdóttir

Ártal úthlutunar 2020

Skólaár / tímabil september 2020 – maí 2021

Skólastig: yngsta stig grunnskóla

Markmið /verkefnið í hnotskurn:

- Vinna með skólafærni á markvissan og uppbyggilegan hátt.
- Ýta undir seiglu og sjálfstjórn.
- Auka meðvitund barna um styrkleika sína og annarra.
- Auka samkennd í eigin garð og annara.
- Stuðla að jákvæðum skólabrag.

Markmið verkefnisins Allir vegir skólafærir er að þjálfa nemendur í skólafærni. Hugmyndin er að gera nemendur örugga í skólaumhverfinu með því að þjálfa ákveðna þætti skólafærni, sjálfstjórn og seiglu. Útbúin var áætlun/verkefnabanki til að þjálfa og æfa þessa þætti á jákvæðan og uppbyggilegan hátt í leik og starfi til að ná árangri í vinnu sem þessari. Sjá fylgiskjal. Ef nemendur þekkja reglur og vita til hvers er ætlast af þeim í mismunandi aðstæðum eru meiri líkur á að líði vel og nái árangri í náminu.

**Lýsing á framgangi verkefnisins:** Verkefnið var unnið jafnt og þétt yfir tvö síðustu skólaár með því að flétta markvissa þjálfun og skipulag í vinnu með skólafærni. Því miður gáfu umsækjendur sér ekki tíma fyrir en nú vorönn 2023 að koma verkefninu niður á blað og hnýta lausa enda.

**Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:** Aðal hindrun styrkþega var skortur á tíma til að ganga frá lokaafurð verkefnisins sem er handbók, sjá fylgiskjal með hugmyndun til að styrkja nemendur í að vera öruggir í umhverfi sínu, þjálfa sjálfstjórn, seiglu og jákvætt andrúmsloft í nemendahópnum.

**Mat á verkefninu:** Það er mat styrkþega að verkefnið hafi tekist vel og ánægjulegt að sjá árangur nemenda. Styrkþegar kenna á yngsta stigi grunnskólans og þykir mikilvægt að leggja áherslu á létt andrúmsloft í leik og starfi og nýta það til að ná árangri í vinnu sem þessari. á

**Lokaorð:** Vinna við verkefnið hefur gefið styrkþegum fleiri tækifæri á að aðstoða og koma betur til móts fjölbreyttan nemendahóp. Með því að leita, prófa og kynna sér nýjar leiðir til að þjálfa nemendur í skólafærni og þannig bæta við fleiri leiðum til að ná góðum anda í nemendahópnum. Ánægjulegt var að á meðan verkefninu stór fengu styrkþegar í heimsókn atferlisfræðing sem hrósaði styrkþegum fyrir gott skipulag og bekkjarstjórn.

Kynningar á verkefninu: Verkefnið var á Menntadögum grunnskóla Garðabæjar haustið 2023.

Heildarupphæð styrks:

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	
8.11.2023	100 x 7500	750.000
	samtals	750.000

8.11.2023 Bryndís Stefánsdóttir

dags. nafn verkefnisstjóra

*Bryndís Stefánsdóttir*



HOFSTAÐASKÓLI  
GARÐABÆ

8.10.2023 Hafdis Bára Þristmundsdóttir

dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla

*Hafdis B. Þristmundsdóttir*